

Fundur NOS í Árnassýslu haldinn klukkan 8:00 í Fjölheimum á Selfossi 6. mars 2017

Mætt: María Kristjánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Valtýr Valtýsson, Ingibjörg Harðardóttir, Kristófer Tómasson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Valgeirsson, Skafti Bjarnason, Gunnsteinn Ómarsson og Eydís Þ. Indriðadóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Uppgjör Skólaþjónustu árið 2016

Lagt fram uppgjör Skólaþjónustu Árneshöfnar fyrir árið 2016 og farið yfir helstu kostnaðarliði. Laun Skólaþjónustunnar og rekstrarkostnaður bifreiðar eru yfir áætlun, farið yfir skýringar á því.

NOS samþykkir uppgjórið og vísar því til kynningar á vofundi NOS.

2. Uppgjör Velferðarþjónustu 2016

Uppgjör Velferðarþjónustu lagt fram og rætt.

Bent á að heimild vegna nefndarlauna er ekki fullnýtt og skýringar ræddar.

NOS samþykkir uppgjórið og vísar því til kynningar á vofundi NOS.

3. Ákvörðun um kynningarfund.

Ákveðið að halda fund fyrir sveitarstjórnir klukkan 10:00, þriðjudaginn 25. apríl í Vatnsholti.

4. Kynning á stöðu biðlista vegna sálfræðiþjónustu. Hvað er til ráða.

Í mars 2017 eru 90 mál á biðlista á svæði Skólaþjónustu Árneshöfnar. Rætt um möguleika á því að fá verktaka til þess að vinna í leikskólamálanum. Kostnaður yrði 2 – 2,5 milljónir og allt að 20 mál fengju viðeigandi úrlausn. Rætt um möguleika á að fá ritara til Skólaþjónustunnar. Maríu falið að fara betur yfir stöðuna og koma með tillögu fyrir vofund.

5. Erindi frá skólastjórnendum í Uppsveitum og Flóa vegna staðsetningar á starfstöð náms- og starfsráðgjafa

Óskað er eftir að námsráðgjafinn fái fast aðsetur hjá Skóla- og velferðarþjónustunni.

Rætt um staðsetningu náms- og starfsráðgjafa. Nefndin telur ekki rétt að námsráðgjafinn heyri undir Skóla- og velferðarþjónustuna að svo komnu máli.

Erindinu hafnað og forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu falið að ræða við námsráðgjafann.

6. Markmið Skólaþjónustu sem þarf að endurnýja í haust. Hvaða aðferð?

Forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu falið að undirbúa endurnýjun markmiða Skólaþjónustunnar. Víðtækt samráð verður haft við alla hagaðila.

7. Sameiginleg innflytjendastefna – Hvernig viljum við standa að henni?

Unnið verði að sameiginlegri stefnu allra sveitarfélaganna. Forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu og sveitarstjóra Hrunamannahrepps falið að vinna málið áfram.

8. Húsnæðisáætlun sveitarfélaga. Sameiginleg eða ekki? Hvernig?

Sveitarfélögin skoði málið hvert fyrir sig en ákvörðun um sameiginlega áætlun frestað.

9. Húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustu. Staða mála.

Málin rædd og fundi slitið klukkan 9:00.